

Miðvikudaginn 11. janúar 1995.

Nr. 3/1995.

Búnaðarbanki Íslands

(Kristinn Sigurjónsson hrl.)

gegn

Byggðastofnun

Kærumál. Nauðungarsala. Úthlutun söluverðs.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut þessu máli til Hæstaréttar með kæru 19. desember 1994, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 4. janúar sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Suðurlands, upp kveðinn 15. desember 1994, og er kæruheimild í 79. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu. Sóknaraðili krefst, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og tekin verði til greina krafa sín um, að ákvörðun sýslumannsins í Vestmannaeyjum frá 18. ágúst 1994 verði breytt á þann veg, að sóknaraðila verði úthlutað 9.522.603,70 krónum af söluverði vélskipsins Öðlings, VE-202, sem var selt nauðungarsölu 8. júní sama ár. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst aðallega staðfestingar hins kærða úrskurðar, en til vara, að sóknaraðila verði ekki úthlutað hærri fjárhæð af söluverðinu en 4.752.940 krónum. Þá krefst varnaraðili kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Sóknaraðila ber að greiða varnaraðila kærumálskostnað, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Búnaðarbanki Íslands, greiði varnaraðila, Byggðastofnun, 30.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Suðurlands 15. desember 1994.

I.

Mál þetta, sem varðar ágreining um úthlutun söluverðs vegna nauðungarsölu og sætir meðferð samkvæmt XIII. kafla laga nr. 90/1991, var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 17. f. m.

Sóknaraðili er Búnaðarbanki Íslands, kt. 681276-0339, Garðatorgi 5, Garðabæ.

Varnaraðili er Bygðastofnun, kt. 450679-0389, Rauðarárstíg 25, Reykjavík.

Dómkröfur sóknaraðila eru þær, að ákvörðun sýslumannsins í Vestmannaeyjum um úthlutun söluverðs vélskipsins Öðlings, VE 202, verði breytt á þann veg, að sóknaraðila verði úthlutað 9.522.603,70 krónum af söluverðinu vegna fjögurra veðskuldabréfa frá 9. nóvember 1988. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar úr hendi varnaraðila að mati dómsins.

Varnaraðili gerir þá dómkröfu aðallega, að frumvarp sýslumannsins í Vestmannaeyjum að úthlutun söluverðs framangreinds skips verði staðfest af héraðsdómi, sbr. 77. gr. laga um nauðungarsölu nr. 90/1991, að því er hann varðar. Til vara gerir hann þá kröfu, að sóknaraðili fái ekki úthlutað af söluverðinu hærri fjárhæð en 4.752.940 krónum. Þá krefst varnaraðili málskostnaðar úr hendi sóknaraðila að mati dómsins auk virðisaukaskatts.

II.

Málavextir eru þeir, að 8. júní 1994 fór fram hjá sýslumanninum í Vestmannaeyjum nauðungarsala á vélskipinu Öðlingi, VE 202, eign Kleifa hf. í Vestmannaeyjum. Hinn 15. næsta mánaðar samdi sýslumaður frumvarp til úthlutunar á söluverði skipsins. Þar segir meðal annars:

„Söluverð eignarinnar er	kr.	109.000.000,00
Af því greiðist í ríkissjóð	kr.	1.090.000,00
Til greiðslu handa rétthöfum eru því	kr.	107.910.000,00
sem verður varið til greiðslu sem hér segir:		
Lögveðskröfur		
...	kr.	2.264.268,00
Samningsveðskröfur		
5. Til Fiskveiðasjóðs Íslands	kr.	71.754.655,00
6. Til Bygðastofnunar skv. veðskuldabréfi á 2. veðrétti, dags. 21. 2. 1989, upphaflega að fjárhæð 19.000.000 kr., en nú að fjárhæð	kr.	27.641.471,60

7. Til Byggðastofnunar skv. veðskuldabréfi á 3. veðrétti, dags. 10. 3. 1992, upphaflega að fjárhæð 5.000.000 kr., en nú að fjárhæð

kr. 6.249.605,40

Ekkert fæst upp í eftirtaldar kröfur:

1. Eftirstöðvar kröfu Byggðastofnunar skv. framansögðu
2. Kröfu Tryggingamiðstöðvarinnar hf. skv. veðskuldabréfi á 4. veðrétti, dags. 18. 2. 1987, upphaflega að fjárhæð 4.000.000 kr., en nú að fjárhæð
3. Kröfu þb. Rækjustöðvarinnar hf. skv. fjórum veðskuldabréfum, dagsettum 9. 11. 1988, tveimur á 5. veðrétti, upphaflega að fjárhæð 3.475.000 kr. hvort, og tveimur á 6. veðrétti, upphaflega að fjárhæð 596.667 kr. hvort, en nú samanlagt að fjárhæð
4. Kröfu Búnaðarbanka Íslands skv. fjórum veðskuldabréfum, dags. 9. 11. 1988, tveimur á 5. veðrétti, upphaflega að fjárhæð 3.475.000 kr. hvort, og tveimur á 6. veðrétti, upphaflega að fjárhæð 596.667 kr. hvort, en nú samanlagt að fjárhæð

kr. 398.459,00

kr. 19.065.883,00

kr. 7.658.770,00

kr. 9.522.603,70

Með bréfi, dags. 28. júlí 1994, sem barst sýslumanni sama dag, gerði Klemen Eggertsson héraðsdómslögmaður athugasemdir við frumvarp þetta fyrir hönd sóknaraðila málsins. Lutu athugasemdir lögmannsins aðallega að því ákvæði frumvarpsins, að réttur Byggðastofnunar til úthlutunar af uppboðsandvirði hins selda skips samkvæmt veðskuldabréfi, út gefnu 21. febrúar 1989, ætti að ganga framur rétti sóknaraðila samkvæmt veðskuldabréfum hans frá 8. nóvember 1988, sbr. tölulið 4 hér að framan. Veðbréf þessi eignaðist sóknaraðili samkvæmt gögnum málsins 4. mars 1992, en þau höfðu fram til þessa tíma verið í eigu Útgerðarfélagsins Þórs hf. á Eskifirði. Var framangreind athugasemd sóknaraðila studd því, að umrædd veðskuldabréf hans bæru það ekki með sér, að veðréttur hans ætti að þoka fyrir þeim veðrétti varnaraðila, sem til var stofnað með veðbréfinu frá 21. febrúar 1989.

Í samræmi við 1. mgr. 52. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu boðaði sýslumaður til fundar, þar sem aðilum málsins var gefinn kostur á að tjá sig um fram komin mótmæli gegn frumvarpi hans að úthlutun söluverðs. Áður en sá fundur var haldinn, ákvað sóknaraðili að falla frá mótmælum sínum, öðrum en þeim, sem að framan er getið. Á nefndum fundi, en hann var

haldinn 18. ágúst sl., tók sýslumaður síðan þá ákvörðun, að frumvarp hans skyldi standa óbreytt. Var því þá þegar lýst yfir af hálfu lögmanns sóknaraðila, að leitað yrði úrlausnar héraðsdóms um ákvörðun sýslumanns, sbr. 2. mgr. 73. gr. nauðungarsölulaga. Erindi þess efnis barst héraðsdómi 23. ágúst sl. með bréfi sóknaraðila, dags. 19. s. m.

III.

Nánari málsatvik eru eftirfarandi:

Hinn 9. nóvember 1988 gaf Útgerðarfélag Vestur-Húnavetninga á Hvammstanga út alls átta veðskuldabréf til Rækjustöðvarinnar hf. á Ísafirði og Útgerðarfélagsins Þórs hf. á Eskifirði. Fjögur þessara skuldabréfa voru að fjárhæð 3.475.000 krónur hvert og tryggt með 3. veðrétti og uppfærslurétti í vs. Geisla, SU 37. Hin fjögur voru hvert að fjárhæð 596.667 krónur, öll tryggt með 4. veðrétti og uppfærslurétti í sama skipi. Skuldabréf þessi voru gefin út í tengslum við kaup skuldara á hinu veðsetta skipi af kröfuhöfum í nóvember 1988. Munu kröfuhafar síðan hafa skipt skuldabréfunum á milli sín þannig, að hvor þeirra fékk fjögur skuldabréf í sinn hlut, samtals að fjárhæð 8.143.334 krónur. Í öllum skuldabréfunum er tekið fram, að veðleyfi sé fyrir láni frá Fiskveiðasjóði Íslands, að fjárhæð allt að 12.000.000 króna. Skuldabréf sín framseldi Útgerðarfélagið Þór hf. síðan sóknaraðila þessa máls í mars 1992, svo sem áður er getið.

Við sölu vs. Geisla til Útgerðarfélags Vestur-Húnavetninga hvíldi á því skuld við Fiskveiðasjóð Íslands samkvæmt veðbréfi á 1. veðrétti, út gefnu 4. mars 1988, og skuld við Tryggingamiðstöðina hf. samkvæmt veðbréfi á 2. veðrétti, út gefnu 18. febrúar 1987.

Hinn 21. febrúar 1989 veitti varnaraðili Útgerðarfélagi Vestur-Húnavetninga 19.000.000 króna lán gegn veði í umræddu skipi félagsins. Í veðbréfi varnaraðila segir, að skipið sé veðsett með 2. veðrétti og uppfærslurétti næst á eftir framangreindu veðbréfi Fiskveiðasjóðs. Var veðbréf varnaraðila afhent til þinglýsingar hjá sýslumanninum á Blönduósi 3. mars 1989 og því þinglýst án athugasemdar þegar sama dag, enda lágu tilskilin veðleyfi þá fyrir, þar á meðal frá Útgerðarfélaginu Þór hf. vegna þeirra fjögurra veðskuldabréfa, sem nú eru í eigu sóknaraðila málsins. Segir í veðleyfinu, að þess sé getið í veðbréfum félagsins. Svo var þó ekki, og er óumdeilt, að úr þeim annmarka hafði ekki verið bætt við framsal á veðbréfunum til sóknaraðila.

Ágreiningslaust er, að veðkrafa varnaraðila samkvæmt veðskuldabréfi, út gefnu 10. mars 1992, eigi á grundvelli veðleyfis sóknaraðila 4. maí 1992 að koma til greiðslu á undan veðkröfu sóknaraðila.

Skip það, sem hér um ræðir, varð eign Kleifa hf. í Vestmannaeyjum með

afsali, dags. 5. september 1991. Var nafni skipsins og umdæmisnúmeri þess þá breytt í Öðling, VE 202.

IV.

Af hálfu sóknaraðila er því haldið fram, að forsvarsmenn sínir hafi verið grandlausir um tilvist hins umdeilda veðleyfis, þá er sóknaraðili keypti umrædd fjögur veðskuldabréf af Útgerðarfélaginu Þór hf. Veðleyfisins hafi ekki verið getið á veðbréfunum sjálfum, og forsvarsmaður útgerðarfélagsins hafi ekki upplýst sóknaraðila um tilvist þess. Fullyrðir sóknaraðili, að kaup sín á veðbréfunum hefðu aldrei komið til, ef fyrir hefði legið vitneskja af sinni hálfu um veðleyfið. Sér hafi fyrst orðið það ljóst, nokkru áður en nauðungarsala á skipinu fór fram, að 19.000.000 króna veðbréfi varnaraðila væri skipað í veðröð á undan veðkröfu sinni. Þessu hafi verið mótmælt við nauðungarsöluna.

Sóknaraðili styður kröfur sínar hér fyrir dómi því, að hann hafi mátt treysta því, að kröfur samkvæmt veðbréfum, sem nytu forgangs gagnvart veðkröfum sínum, væru á tæmandi hátt taldar í þinglýstum veðbréfum sínum. Samkvæmt 12. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978 hvíli sú skylda á þinglýsingarstjóra (áður þinglýsingardómara) að ganga úr skugga um það við þinglýsingu veðleyfis, að þess sé nægilega getið í veðbréfinu sjálfu. Ljóst sé, að þessa hafi ekki verið gætt við þinglýsingu á veðleyfi frá þáverandi eiganda veðbréfa sóknaraðila, Útgerðarfélaginu Þór hf., 3. mars 1989. Þá verði sú skylda ekki lögð á sóknaraðila, þrátt fyrir það að hann stundi lánastarfsemi og kaup á viðskiptabréfum, að hann afli sér veðbókarvottorðs, áður en kaup á viðskiptabréfum af hans hálfu fara fram. Um viðskiptabréf gildi sú regla, að framsalshafi fái við framsalið þann rétt, sem bréfið beri með sér, að framseljandinn eigi. Öll réttindi, sem eru ekki rituð á bréfið sjálft, glatist við framsal, þó að því tilskildu, að framsalshafinn hafi verið grandlaus um tilvist þeirra. Veðbréf sóknaraðila beri það ekki með sér, að framseljandi þeirra hafi veitt heimild til þess, að veðkrafa hans skyldi víkja fyrir 19.000.000 króna veðkröfu varnaraðila, og sóknaraðili hafi sem framsalshafi verið grandlaus um þá heimild. Leiði traustnámsreglur viðskiptabréfa til þess við framangreindar aðstæður, að sóknaraðili fái þann rétt til veðsins, sem veðbréf hans hljóðar upp á, og varnaraðili verði að hlíta því.

Um lagarök fyrir kröfum sínum vísar sóknaraðili með lögjöfnun til ákvæða tilskipunar um áritun afborgana á skuldabréf frá 9. febrúar 1798 (sic) og 5. mgr. 48. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978.

V.

Aðalkröfu sína í málinu styður varnaraðili eftirfarandi rökum:

Í fyrsta lagi heldur varnaraðili því fram, að sóknaraðili geti ekki verið að-

ili að ágreiningi um úthlutun uppboðsandvirðis vélskipins Öðlings, þar sem hann hafi ekki lögmæta hagsmuni af málsúrslitum. Vísar varnaraðili í þessu sambandi aðallega til þeirrar 12.000.000 króna veðheimildar til Fiskveiðasjóðs, sem getið er í veðbréfum sóknaraðila og áður er vikið að. Líta verði svo á, að varnaraðili hafi gengið inn í þessa veðheimild sjóðsins, þar sem 19.000.000 króna lánveiting varnaraðila hafi komið til í staðinn fyrir lán frá Fiskveiðasjóði. Þá verði sóknaraðili að auki að hlíta því, að til úthlutunar komi á undan veðkröfu hans veðkröfur, samtals að fjárhæð 99.334.411 kr. (lögveð 2.264.268 krónur, Fiskveiðasjóður Íslands 71.754.655 krónur, Bygðastofnun, veðbréf 10. mars 1992, 6.249.605 krónur, Tryggingamiðstöðin 19.065.883 krónur). Að viðbætti framangreindri 12.000.000 króna veðheimild þurfi sóknaraðili þannig að sæta því, að veðkröfur, að fjárhæð 111.334.411 króna, komi til úthlutunar af andvirði veðsins á undan veðkröfu hans. Með því sé ljóst, að kröfugerð hans í máli þessu styðjist ekki við lögmæta hagsmuni, og beri þegar af þeirri ástæðu að hafna öllum kröfum hans.

Í öðru lagi og hvað sem framangreindu líður, telur varnaraðili það ljóst, að veðréttur sóknaraðila eigi að víkja fyrir veðrétti varnaraðila samkvæmt veðbréfinu frá 21. febrúar 1989. Sóknaraðili geti hvorki á grundvelli þinglýsingalaga né viðskiptabréfsreglna unnið betri rétt en varnaraðili í þessu máli. Í þessu sambandi sé fyrst til þess að líta, að hið umdeilda veðleyfi hafi verið gefið út af aðila, sem til þess var bær að lögum. Ákvæði 12. gr. þinglýsingalaga um könnun þinglýsingarstjóra á því, að veðleyfis sé getið í veðbréfi, lúti að formhlið þinglýsingar. Eftir að þinglýsing hefur farið fram, njóti hin þinglýstu skjöl fullrar réttarverndar samkvæmt 15. gr. laganna og réttindamissir einskorðist við heimildarskort og ógild skjöl. Engin þau atvik, er samkvæmt þessu gætu leitt til þess, að réttur varnaraðila til uppboðsandvirðis hins selda skips þurfi að víkja fyrir veðkröfu sóknaraðila, sé um að ræða í þessu máli. Þau lagaákvæði, sem sóknaraðili reisir málalítilbúnað sinn á, fái hér engu um breytt. Af ákvæðum þessum verði skýrt ráðið, að réttindamissir þriðja manns takmarkist við réttindi yfir veðbréfi eða umráð þess. Réttindamissir þriðja manns nái þannig ekki til þinglýstra réttinda þriðja manns yfir öðrum veðum en viðskiptabréfum. Mál þetta varði þinglýst veðréttindi varnaraðila í vélskipinu Öðlingi, VE 202, og komi réttindum yfir viðskiptabréfi ekki á nokkurn hátt við. Þá verði að skýra greind ákvæði með hliðsjón af því, að þau feli í sér undantekningu frá þeirri meginreglu, að framsalshafi öðlist ekki frekari réttindi en framseljandi átti. Einingis skýr lagaákvæði dugu til, ef víkja skal frá þessari meginreglu.

Þá heldur varnaraðili því fram, að réttur verði ekki unninn á grundvelli traustfangsreglna, nema framsalshafi hafi hvorki þekkt né átt að þekkja

þau réttindi, sem út er rýmt. Vísar varnaraðili í þessu sambandi sérstaklega til 19. gr. þinglýsingalaga. Sóknaraðili sé viðskiptabanki, er stundi viðtæka fjármálaþjónustu. Starfsmönnum hans eigi því að vera ljóst, að við kaup á veðskuldabréfum beri þeim að kynna sér veðbókavottorð hverju sinni, og af augljósum ástæðum nægi ekki að líta einvörðungu til veðbréfsins sjálfs. Á sóknaraðila hvíli rík rannsóknar- og aðgæsluskylda í þessum efnum, og það sé í andstöðu við skráðar og óskráðar bankareglur og góða stjórnarsýslu-hætti, að bankastofnun láti hjá líða að kynna sér veðstöðu og verðmæti veðskuldabréfs til hlítar, þar á meðal með könnun veðbókavottorðs. Þetta hafi einkum verið brýnt í því tilviki, sem hér er til umfjöllunar, þar sem um háar fjárhæðir er að ræða og miklir hagsmunir í húfi. Þá verði enn fremur að líta til þess, að fjögur ár liðu frá þinglýsingu umræddra veðskuldabréfa og þar til þau voru framseld sóknaraðila. Í ljósi alls þessa hafi sóknaraðili mátt vita um veðrétt varnaraðila og því verið í góðri trú um þann rétt við framsalið. Framangreind umfjöllun miðist við það, að ekki liggi fyrir sönnun um beina vitneskju framsalshafa um réttindi þriðja manns. Í þessu máli megi hins vegar færa að því gild rök, að sóknaraðili hafi búið yfir vitneskju um hið umdeilda veðleyfi á þeim tíma, sem hér skiptir máli. Vísar varnaraðili um þetta til veðleyfis sóknaraðila frá 4. maí 1992, en samkvæmt því hafi sóknaraðili fallist á það, að veðkrafa hans skyldi víkja fyrir nýrri veðkröfu varnaraðila samkvæmt veðskuldabréfi, út gefnu 10. mars 1992. Tilurð þess veðleyfis styðji eindregið fullyrðingu varnaraðila um grandsemi sóknaraðila samkvæmt framansögðu.

Varakröfu sína styður varnaraðili þeim rökum, að hvað sem framan-greindu líði, standi veðkrafa sóknaraðila ávallt að baki veðkröfum samtals að fjárhæð 99.334.411 króna ($2.264.268 + 71.754.665 + 6.249.605 + 19.065.883$). Þá standi eftir af uppboðsandvirðinu 8.575.559 krónur. Þeirri fjárhæð verði sóknaraðili síðan að deila með eigendum þeirra veðbréfa, er hvíli á veðinu samhliða veðbréfum hans.

VI.

Ekki verður fallist á það með varnaraðila, að veðheimild sú til Fiskveiða-sjóðs, sem tilfærð er í veðbréfum sóknaraðila, standi því í vegi, að taka megi dómkröfur sóknaraðila í máli þessu til greina.

Þá er veðskuldabréf varnaraðila frá 21. febrúar 1989 var mótttekið til þinglýsingar 3. næsta mánaðar, fylgdi því meðal annars veðleyfi frá Útgerðarfélaginu Þór hf. vegna fjögurra veðskuldabréfa félagsins, sem nú eru í eigu sóknaraðila málsins og krafa hans um úthlutun af uppboðsandvirði vélskipsins Öðlings styðst við. Með veðleyfi þessu samþykkti útgerðarfélagið, að veðkröfu varnaraðila yrði skipað í veðröð á undan veðkröfum

Þess samkvæmt framansögðu. Var veðbréf varnaraðila fært í þinglýsingabók án athugasemdar þegar á móttökudegi þess. Við samhliða þinglýsingu nefnds veðleyfis urðu ljóslega þau mistök, að ákvæða 1. mgr. 12. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978 var eigi gætt, og við framsal til sóknaraðila í mars 1992 báru umrædd veðskuldabréf það ekki með sér, að veðleyfi hefði verið veitt. Með því að veðleyfið hins vegar stafaði frá aðila, sem að lögum var bær til að veita það, öðlaðist varnaraðili með þinglýsingunni 3. mars 1989 þann forgangsrétt til veðsins, sem veðbréf hans kvað á um. Þá standa lög ekki til þeirrar niðurstöðu, að varnaraðili hafi við framsal veðskuldabréfanna glatað þessum rétti sínum gagnvart hinum nýja eiganda þeirra, sóknaraðila þessa máls. Fær hugsanlegt grandleysi sóknaraðila um betri rétt varnaraðila hér engu breytt.

Með því, sem nú hefur verið rakið, ber að staðfesta ákvörðun sýslumannsins í Vestmannaeyjum frá 18. ágúst 1994 um úthlutun til varnaraðila af söluverði vélskipsins Öðlings, VE 202.

Eftir framangreindum málsúrslitum verður sóknaraðila gert að greiða varnaraðila málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 150.000 krónur. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Þorgeir Ingi Njálsson héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Staðfest er ákvörðun sýslumannsins í Vestmannaeyjum frá 18. ágúst 1994 um úthlutun til varnaraðila, Byggðastofnunar, af söluverði vélskipsins Öðlings, VE 202, sem selt var nauðungarsölu 8. júní 1994.

Sóknaraðili, Búnaðarbanki Íslands, greiði varnaraðila 150.000 krónur í málskostnað.